

Efnasamsetning jarðhitavatns úr holu 11 í  
Skútudal, Siglufirði

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-86-10

Efnasamsetning jarðhitavatns úr holu 11 í Skútudal, Siglufirði.

Þann 26. febrúar s.l. var tekið sýni til efnagreiningar úr holu 11 í Skútudal og eru niðurstöður efnagreiningarinnar í töflunni hér að neðan.

Tafla 1

	Hola 11	Hola 10
Dagsetn	86.02.26	85.10.17
Hitastig °C	74,3	68,9
pH/°C	10,02/22	10,05/19,5
<hr/>		
SiO <sub>2</sub> mg/kg	93,2	92,3
Na	43,0	40,7
K	0,9	0,8
Ca	1,5	1,5
Mg	0,013	0,005
CO <sub>2</sub>	18,5	16,3
SO <sub>4</sub>	9,3	9,6
Cl	8,4	8,6
F	0,38	0,42
Uppl. efni	204	196
O <sub>2</sub>	0,08	0,1
Fe	<0,1	-

- ekki mælt

Þetta er fyrsta sýnið, sem tekið er úr holu 11, en til samanburðar er tekin með efnagreining síðasta sýnis úr holu 10. Vatnið í holu 11 er verulega heitara en úr hinum holunum, yfir 74°C, og það er einnig súrefnissnaðara en í þeim. Súrefni er þó mun herra en æskilegt er vegna tæringar og er súlfítíblöndun nauðsynleg.

Að öðru leyti er samskonar vatn í báðum holunum, eins og reyndar er eðlilegt miðað við aðstæður.